



# Leikskólinn Krílakot



Innra mat 2021-2022

5. skólaár sameinaðs leikskóla

Efnisyfirlit

Inngangur.....	5
Nám, kennsla og námsumhverfi .....	6
Læsi.....	6
Orðaleikur .....	6
Grænfáni og heilsueflandi leikskóli.....	6
Útikennsla .....	7
Stærðfræði – MIO.....	7
Uppbyggingarstefnan.....	7
Umbótaáætlun.....	8
Skipulag.....	10
Áætlanir og skipulag.....	10
Umbótaáætlun.....	11
Mannauður.....	12
Starfsmannakönnun vegna styttingar vinnuvikunnar .....	12
Könnun á líðan starfsmanna .....	13
Starfsmannasamtöl.....	14
Sí- og endurmenntun.....	14
Umbótaáætlun.....	14
Nemendur .....	17
Nemendavernd.....	17
Heimsóknir þroskaþjálfra og kennsluráðgjafa .....	17

Líðan nemenda.....	18	
Foreldrar .....		20
Foreldrakönnun.....	20	
Foreldraráð.....	22	
Foreldrafélag.....	22	
Foreldrafundir.....	22	
Umbótaáætlun.....	23	
Sérkennsla skólaárið 2020-2021.....		24
Skimanir og greiningar .....	24	
EFI 2 .....	24	
TRAS .....	24	
Hljóm 2 .....	25	
Stafakönnun .....	25	
Önnur verkefni-sérkennslustjóri .....	25	
Umbótaáætlun.....	26	
Samstarf við aðra skóla og stofnanir .....		27
Dalvíkurskóli .....	27	
Bókasafn .....	27	
Tónlistarskólinn .....	27	
Fræðsluskrifstofa .....	27	
Heilsugæsla.....	27	
Félagsþjónusta .....	28	
Umbótaáætlun.....	28	

Krílakot – umbótaáætlun 2021 .....	29
Hólakot – umbótaáætlun 2021 .....	30
Kátakot – umbótaáætlun 2021 .....	31
Mánakot – umbótaáætlun 2021 .....	31
Sólkot – umbótaáætlun 2021 .....	32
Skýjaborg – umbótaáætlun 2021 .....	34
Öryggismál .....	36
Lóðarskoðun .....	36
Eldvarnaráætlun og æfingar.....	36
Vinnuaðstaða kennara og barna.....	36
Umbótaáætlun.....	37
Lokaorð.....	38

## Inngangur

Nú er starfsári númer fimm senn að ljúka á Krílakoti en þann 5. ágúst 2016 fór fram vígsla á nýbyggingu við Krílakot og opnaði hann að loknu sumarleyfi í núverandi húsnæði það haust. Heildarstærð húsnæðis er um 931,6 m<sup>2</sup>. Krílakot rúmar um 100 nemendur í vistun allan daginn. Stöðugildi eru um 28 en starfsmenn eru 33 í mismunandi stöðuhlutföllum.

Einkunnarorð skólans eru Gleði, Sköpun, Þor. Við viljum leggjum áherslu á vinnugleði og sköpun í allri vinnu sem og að efla þor bæði nemenda og fullorðinna. Uppeldi til ábyrgðar er okkar leið til að efla hvern og einn einstakling, að allir fái tækifæri til að efla sjálfið og finna hvaða aðferðir eða leiðir henta þeim best til náms.

Mat á skólastarfi er mikilvægur þáttur í framþróun í skólastarfi og tengist markmiðum og áætlunum. Samkvæmt *Lögum um leikskóla 90/2008* er gert ráð fyrir bæði innra og ytra mati og eftirliti á gæðum starfs hvers skóla. Með innra mati er átt við sjálfsmat skólans. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi skóla sem unnin er af utanaðkomandi aðilum s.s. sveitarfélögum og/eða menntamálaráðuneyti.

Innra mati er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti skólans, stuðla að auknum gæðum, umbótum og þróun á starfi hans. Innra mat er samofið daglegu starfi skólans og er m.a. til þess að efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og til að auka vitund starfsfólks um ábyrgð þess í starfi. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Kennarar, foreldrar og nemendur eru mikilvægustu þátttakendurnir. Kennarar skipuleggja og framkvæma innra mat en skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd þess og fylgir eftir umbótum (Aðalnámskrá, almennur hluti, 2011).

Hér má sjá mat á skólaárinu 2020-2021, hvað er lagt til grundvallar matinu, niðurstöður og umbótaáætlun.

## **Nám, kennsla og námsumhverfi**

### *Læsi*

Lögð hefur verið aukin áhersla á læsi undanfarin ár og þetta skólaárið fór mikil vinna í að efla læsi með tilliti til tvítyngis. Við notuðum *Lubbi finnur málbein* til að aðstoða nemendur við að læra stafinn sinn og hljóð þeirra ásamt fjölskyldunnar. Með aukinni færni eru margir nemendur farnir að læra alla stafina og sum jafnvel farin að lesa áður en þau fara yfir á næsta skólastig.

Haustið 2020 tók einn starfsmaður að sér að fylgja Lubba verkefninu eftir. Hann sá um að setja staf og orð vikunnar upp þannig að allir séu að vinna að því sama.

### *Orðaleikur*

Orðaleikur er námsefni sem leikskólinn nýtir fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eru að læra íslensku sem sitt annað mál en námsefnið getur nýst á fjölbreyttan hátt í leikskólastarfi og fyrir alla sem vilja læra einfaldar aðferðir til að efla orðanám barna.

### *Grænfáni og heilsueflandi leikskóli*

Í daglegu starfi er okkur umhugað um umhverfismál. Við flokkum rusl og gefum hænum lífrænan úrgang. Á vorönn unnum við mjög markvisst að Grænfána markmiðum okkar. Starfsmenn deilda gerðu starfsáætlun út frá markmiðum okkar tengdum Grænfáanum. Nýjum Grænfána var flaggað í fjórða sinn þann 22. febrúar 2019. Stefnt er að því að flagga nýjum í júní 2021.

Unnið var skólaárið 2021 – 2022 að fylla út gátlista fyrir heilsueflandi leikskóla. Heilsueflandi leikskóli leggur sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skóla starfinu. Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk. Næsta vetur verður klárað að fylla út þessa lista og setja sér markmið með hvaða þætti við byrjum að vinna með.

### *Útikennsla*

Vorið 2021 eru allar deildir með markvissa útikennslu sem er miðuð út frá aldri nemenda á hverri deild fyrir sig með tengingu við Grænfána, Uppeldi til ábyrgðar og Heilsueflandi leikskóla.

### *Stærðfræði – MIO*

Haustið 2020 var tekið í gagnið MIO sem er skimun á stærðfræðipækkingu nemenda á leikskólaaldri. MIO hjálpar til við að átta sig á þeirri stærðfærði færni sem hver nemandi hefur tileinkað sér. MIO hjálpar einnig til við að skipuleggja vinnuna í Krílakoti þannig að nemendur þroski áfram skilning sinn á stærðfærði.

### *Uppeldi til ábyrgðar*

Í vetur hafa starfsmenn verið að hjálfa sig í að vinna samkvæmt hugmyndafræði uppeldisstefnu Dalvíkurbyggðar, *Uppeldi til ábyrgðar*. Sú vinna mun halda áfram næsta starfsár. Aðal áherslurnar hafa verið að gera deildarsáttmála, fylgja eftir reglunum okkar, æfa okkur að ganga í röð á göngunum og koma orðum á tilfinningar okkar og hegðun með hjálp litakarlana. Einnig var gerður starfsmannasáttmáli og tæki uppbyggingarstefnunnar nýtt til þess að stuðla að og ýta undir jákvæð og uppbyggjandi samskipti á Krílakoti.

Stjórnendur koma á laggirnar faghópum innan starfsmannahópsins sem heldur utan um hvern þátt fyrir sig. Sömuleiðis verður unnið að hverjum þætti samkvæmt námskrá hvernar deildar. Deildarstjórar gæta þess að hverjum þætti sé sinnt innan daglegs starfs.

## Umbótaáætlun

<b>Matspáttur</b>	<b>Markmið með umbótum</b>	<b>Aðgerðir til umbóta</b>	<b>Tímaáætlun</b>	<b>Ábyrgaðaraðili/ar</b>	<b>Endurmat; hvenær, hvernig</b>	<b>Viðmið um árangur</b>
<b>Læsi</b>	Lubbi haldi áfram að vera daglegur partur af starfi Krílakots	Lubbi sé sýnilegur í leikskólastarfinu	Allt árið	Allir starfsmenn	Vor 2022	Að allir viti hver Lubbi er Niðurstöður stafakönnunar
<b>Orðaleikur</b>	<b>Verði inni í öllu daglegur starfi í leikskólanum.</b>	<b>Myndir og orð séu sýnileg inn á öllum deildum. Eins og t.d. dagskipulag og inni í fataherbergi.</b>	Allt árið	Allir starfsmenn	Vor 2022	<b>Að flestir nemendur nái að tileinka sér algeng orð sem unnið er með hverju sinni.</b>
<b>Grænfáni og</b>	Nýta betur allan efnivið eins vel og hægt er				Grænfáni og	Nýta betur allan efnivið eins vel og hægt er



Leikskólinn Krílakot Gleði – Sköpun – Þor

<b>Útikennsla</b>	Að nærumhverfi Krílakots verði í auknum mæli nýtt sem kennslustofa	Kortleggja þá möguleika sem umhverfi skólans býður upp á	Allt árið	Allir starfsmenn	Vor 2022	Að kennsluaðferðir í útikennslu séu fjölbreyttar.
<b>Heilsueflandi leikskóli</b>	Fylla út gátlista fyrir heilsueflandi leikskóla.	Byrja að vinna með einn þátt tengdu heilsueflandi leikskóli	Allt árið	Allir starfsmenn	Vor 2022	Allir þekki hvað heilsueflandi leikskóli er og tileinki sér það
<b>Uppeldi til ábyrgðar</b>	Halda betur utan um hegðunarmál  Að allir viðhafi vönduð og góð samskipti	Setja reglur í sameiningu  Gera deildarsáttmála  Gera starfsmanna-sáttmála  Fá fræðslu frá verkefnastjóra Uppbyggingarstefnu	Allt árið	Allir starfsmenn  Stafsmenn deilda  Allir starfsmenn  Skólastjórnendur		Allir þekki reglur, sáttmála og leggi sitt af mörkum til að skapa góðan anda í leikskólanum/-vinnustaðnum

<b>MIO</b>	Verði inni í öllu daglegur starfi í leikskólanum	Tölur og stærðfærði verkefni aðgengileg fyrir börnin	Allt árið	Allir starfsmenn	Vor 2022	Að flestir nemendur nái að tileinka sér stærðfræði hugtök tengt þeirra aldri.
------------	--	--	-----------	------------------	----------	---

## Skipulag

### *Áætlanir og skipulag*

Mánaðarskrá kemur út á hverri deild um hver mánaðamót. Skóladagatal er metið eftir hvert ár og nýtt búið til í samráði við aðra skóla Dalvíkurbyggðar. Foreldraráð hefur umsagnarrétt varðandi skóladagatalið.

Föstudagspóstar fara frá öllum deildum til foreldra til að upplýsa þá um starf deildarinnar og hvað er framundan. Ákveðið hefur verið að halda sama fyrirkomulagi á skipulagi og hefur verið næsta skólaár og finna skilvirkar leiðir til að kynna upplýsingagjafa.

Útbúin voru vinnublöð sem hjálpaði starfsmönnum að skipuleggja starf sitt og tengja við Uppeldi til ábyrgðar, Grænfánann og Heilsustefnuna. Blöðin voru unninn á stafsmannafundum/starfsdögum af starfsmönnum deilda. Með því gafst öllum tækifæri til að tjá sig um starfið og hafa áhrif á skipulag þess.

Stjórnendur munu fara yfir námsáætlanir og hefja undirbúning komandi skólaárs núna í sumar. Búið er að gera ramma fyrir námskrá hvernar deildar fyrir sig þar sem starf deilda er sett fram á skýrann og skipulagðan hátt þannig að þeir sem taka að sér afleysingar geti gengið inn í hópastarf o.fl.

Byggt verður á fyrri reynslu og byggt ofan á það sem vel gekk og sagt skilið við það sem gekk ekki eins vel

### Umbótaáætlun

<b>Matsþáttur</b>	<b>Markmið með umbótum</b>	<b>Aðgerðir til umbóta</b>	<b>Tímaáætlun</b>	<b>Ábyrgðaraðili/ar</b>	<b>Endurmat; hvenær, hvernig</b>	<b>Viðmið um árangur</b>
<b>Áætlanir og skipulag</b>	Að allar áætlanir séu aðgengilegar annað hvort á heimasíðu eða innra neti	Skerpa línur í vinnubrögðum þannig að allir viti til hvers er ætlast	Haustönn 2022	Skólastjórnendur Deildastjórar	Allt árið	Allar deildir séu með sama form á áætlunum sínum og þær birtar með sama hætti

**Mannauður***Starfsmannakönnun vegna styttingar vinnuvikunnar*

Rafræn könnun var lögð fyrir starfsmenn vegna styttingu vinnuvikunnar. 29 af 33 starfsmönnum svöruðu könnuninni

		Já	nei	Vinna af mér friið á öðrum dögum	Taka þetta sem orlof	Annað
1	Hafa skipulagið eins og það er núna (safna upp styttingunni, 13 mín. og taka einu sinni í mánuði).	28%	72%			
2	Selja hluta af kaffitímanum (7,25 mín. á dag fyrir 100% starf) og fá einu sinni í mánuði einn heilan dag frí.	96,55%	3,45%			
3	Þegar búið er að ákveða hver styttingin verður (allir fá hlutfallslega sama mínútofjölda) semur hver og einn við skólastjórnendur um það hvenær taka skuli styttinguna.	84,62%	15,38%			
4	Ég er hlynnt/ur því að taka styttingu sem haustfrí í Krílakoti á sama tíma og í Dalvíkurskóla.	65,52%	34,48%			
5	Ég er hlynnt/ur því að taka styttingu sem vetrarfrí í Krílakoti á sama tíma og í Dalvíkurskóla.	62,07%	37,93%			
6	Ég er hlynnt/ur því að taka styttingu vinnuviku sem lokun milli jóla og nýárs í Krílakoti.	68,97%	31,03%			
7	Ég er hlynnt/ur því að taka styttingu vinnuviku sem lokun í dymbilvikunni (vikan fyrir páska) á Krílakoti.	48,28%	51,72%			
8	Hafa skóladagtalíð eins það hefur verið og taka styttingu vinnuvikunnar einu sinni í mánuði (ekkert af ofantöldum fríum).	33,33%	66,67%			
9	Ef kæmi til lokanna vegna haustfrís, vetrarfrís, jólafrís og dymbilvikur (frí fyrir páska) og stytting vinnuviku yrði ekki tekin inn í, hvernig sérðu fyrir þér að við myndum leysa þessa daga?			51,85%	25,93%	22,22%

Niðurstöður könnunarinnar sýndu að ósk starfsmanna var að stytta kaffitíma sína og fá heilan dag frí í mánuð sem styttingu vinnuvikunnar. Einnig eru starfsmenn hlyntir því að vinna þá daga sem lokað er samkvæmt skóladagatali fyrir utan sumarleyfi af sér.

### Könnun á líðan starfsmanna



Starfsandinn/vinnugleði/móralll IIIII IIIII II  
Samstarf/samvinna IIIII II  
Samheldni/samstaða IIIII II  
Jákvæðni/gleði IIIII III  
Samkennd/umhyggja/umburðarlyndi IIIII I  
Samskipti IIII  
Upplýsingaflæði IIII  
Frammistaða á tímum Covid: IIIII II  
Skipulag IIII  
Samstarfsfólk IIII  
Starfið IIIII I  
Stjórnendur II  
Stytting vinnuvikunnar II  
Mæting/Lítið um veikindi IIII  
Faghópar II  
Traust IIII  
Vinnuaðstaða/vinnurými II  
Maturinn IIII



Óstundvísi II  
Útigæsla/hópamyndun IIII  
Vantar upp á skipulag (einnig talað um að bæta megi myndrænt skipulag) IIII  
Samskiptum ábótavant (t.d. neikvæðni, tuð) IIIII  
Samvinna/sambætting IIII  
Þrifum er ábótavant II  
Annað sem fram kom:  
Faghópar þurfa að koma betur upplýsingum áleiðis og hafa skýra sýn og markmið.  
Stöðnun í verkefnum og hópum vegna Covid og þröngur aðbúnaður.  
Vantar fleiri barnarólur úti.  
Væri gaman að gera meira saman utan vinnutímans.  
Stundum mikið stress vegna barna, mikil læti.

#### Annað sem mætti koma fram:

Ánægja með starfið og starfsmenn.

Efla betur uppbyggingu.

Sleppa Covid.

Faglegra fössara er saknað.

Stjórnendur og deildastjórar snillingar að skipuleggja.

Skipuleggja mætti útikennslu fyrir allar deildir.

### *Starfsmannasamtöl*

Starfsmannasamtöl voru í febrúar árið 2021, í samtölunum gefst starfsfólki tækifæri til að tala saman um líðan sína og upplifun í starfi. Niðurstaða þeirra var á þá leið að starfsfólki virðist líða vel í vinnunni og að álag hafi minnkað frá fyrri árum, þó svo að covid 19 hafi óneitanlega aukið álag í starfi.

Starfsmenn voru almennt sammála um að góður vinnuandi og jákvæðni sé ríkjandi á vinnustaðnum en hlúa þurfi að honum og styrkja enn frekar. Einnig er mikilvægt að starfsmenn séu meðvitaðir um að andi vinnustaðarins endurspeglast í framkomu þeirra hver við annan. Því þarf að vanda framkomu, hver og einn líti í eigin barm hvað það varðar.

### *Sí- og endurmenntun*

Veturinn 2020-2021 sátu stafsmenn Krílakots námskeið í OSMO, Orðaleik, Mio, Vinnustund, vegna styttingu vinnuvikunnar, tengt Uppbyggingastefnunni, Grænfánanum og sorpflokkun.

Einn starfsmaður lauk MT gráðu í kennarafræðum, einn starfsmaður lauk B.Ed gráðu i kennarafræðum og einn starfsmaður lauk stúdentsprófi

Auk þessa fóru starfsmenn á námskeið á eigin vegum.

### Umbótaáætlun

<b>Matsþáttur</b>	<b>Markmið með umbótum</b>	<b>Aðgeðir til umbóta</b>	<b>Tímaáætlun</b>	<b>Ábyrgaðaraðili/a</b>	<b>Endurmat; hvenær, hvernig</b>	<b>Viðmið um árangur</b>
<b>Kynna þær stefnur sem við vinnum eftir</b>	Allt starfsfólk verði meðvitað um þær stefnur	Lesastefnur yfir og búa til kynningarefni.	Haust 2021	Skólastjórnendur	Starfsmanna-könnun 2022	Að 95% starfsmanna þekki stefnurnar

Leikskólinn Krílakot Gleði – Sköpun – Þor

	sem við vinnum eftir	Starfsfólk sæki námskeið ef það á við				
<b>Gera starfsmanna-sáttmála</b>	Að starfsmenn séu meðvitaðir um að andi vinnustaðarins endurspeglast í framkomu þeirra hver við annan	Lesi eldri sáttmála yfir, ræða og kalla eftir umbótum á honum	Haut 2022	Skólastjórnendur	Starfsmanna-könnun 2022	Að allir starfsmenn þekki og séu tilbúnir til að vinna eftir sáttmálanum
<b>Starfsmanna-samtöl</b>	Gæta þess að allir komist í samtál á tímabili sem getið er um í mannauðsstefnu Dalvíkurbyggðar  Minnka álag á vinnustaðinn sem samtölin geta valdið ef þau eru tekin á of stuttum tíma	Setja fyrstu samtöl á dagskrá í janúar.  Gefa hverri deild eina viku í samtölin	Vorönn 2021	Skólastjórnendur	Starfsmanna-könnun 2022	Allir starfsmenn hafi farið í samtál í lok maí 2022





## **Nemendur**

### *Nemendavernd*

Haldnir eru 5 fundir á ári hjá nemendaverndarráði. Í því sitja leikskólastjóri, starfsmaður heilsugæslu, þroskaþjálfari félagsþjónustu og deildarstjórar þeirra nemenda sem eru til umfjöllunar. Sérkennsluteymi Krílakots tekur ákvörðun um hvaða nemendur eru til umfjöllunar í nemendavernd í samráði við deildastjóra. Ávallt er fengið samþykki foreldra áður en málefni nemenda eru tekin til umfjöllunar.



### *Heimsóknir þroskaþjálfara og kennsluráðgjafa*

Þroskaþjálfari á vegum félagsþjónustu Dalvíkurbyggðar kemur ef leikskólastjóri óskar eftir stuðningi við ákveðin málefni barna.


*Líðan nemenda*

Nemendur á þremur elstu deildum voru spurðir um líðan sína í leikskólanum. Allir nema einn sögðu að þeim fyndist gaman í íþróttum og á leikskólanum.

*Broskallakönnun 4-5 ára 2021*

Setjið X í viðeigandi reit		
Mér finnst gaman í leikskólanum		
Ég á vini í leikskólanum		
Mér finnst gaman í bókasafninu		
Mér finnst gaman í íþróttum		

*Broskallakönnun 3ja ára 2021*

Setjið X í viðeigandi reit		
Mér finnst gaman í leikskólanum		
Ég á vini í leikskólanum		
Mér finnst gaman í bókasafninu		



**Foreldrar**










Í skólastarfinu er samvinna við foreldra mikilvægur þáttur. Á haustin þegar skólastarf er að fara af stað eru foreldrar boðaðir á foreldrafundi þar sem skólastarfið er kynnt og einnig er farið yfir áherslur hvernar deildar. Á haustönn eru svo valfrjáls foreldraviðtöl en á vorönn eru allir foreldrar boðaðir í viðtöl þar sem námsframvinda nemandans og líðan er rædd.. Aðkoma foreldra að skólasamfélaginu fer fram í gegnum áður nefnda foreldrasamvinnu, foreldrafélagið og foreldraráð.

*Foreldrakönnun*

Rafræn foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra í maí 2021. Svörun á könnun var um 63%. Foreldri/forráðamenn svara spurningum er snúa að hverjum nemanda fyrir sig og skólastarfinu í heild. Niðurstöður könnunar (efri tölur í reitum sýna niðurstöður skólaárið 2019-2020 og neðri fyrir skólaárið 2020-2021

Matsspurning	Sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Ósammála	Niðurstaða (sammála/frekar sammála)	Matsviðmið	Jákvætt/ Neikvætt	Athugasemdir
Barninu mínu líður vel í skólanum	78,79% 89,29%	21,21% 10,71%	0% 0%	0% 0%	100% 100%	100% 😊	=	
Ég er ánægð/ur með hvernig er tekið á móti barninu mínu	71,72% 89,29%	24,24% 10,71%	4,04% 0%	0% 0%	100% 100%	95% 😊	↑	
Ég er ánægð/ur með hvernig barnið mitt er kvatt þegar það er sótt í leikskólann.	72,73% 80,36%	26,26% 17,86%	1,01% 1,79%	0% 0%	98,99% 98,22%	90% 😊	↓	
Mér finnst hæfilegur fjöldi barna á deild barnsins míns	67,35% 78,18%	27,55% 16,36%	5,1 3,64% %	0% 1,82%	94,9% 94,54%	95% 😞	↓	
Mér finnst upplýsingarflæði frá skólanum gott	Já 92,93% 91,07%	Nei 7,07% 8,93%			92,93% 91,07%	90% 😊	↓	
Ég fer reglulega inn á heimasíðu Krílakots	Já 54,08% 50,91%	Nei 45,92% 49,09%			54,08% 50,91%	95% 😞	↓	

Leikskólinn Krílakot Gleði – Sköpun – Þor

Ég nýti mér Karellen reglulega	<b>Já</b> 80,41% 85,45%	<b>Nei</b> 19,59% 14,55%			80,41% 85,45%	97% 		
Skoðar þú mánaðarskrá á deild barnsins þíns?	<b>Já</b> 78,57% 81,82%	<b>Nei</b> 21,43% 18,18%			78,57% 81,82%	95% 		
Skoðar þú skóladagatal Krílakots?	<b>Já</b> 85,71% 90,91%	<b>Nei</b> 14,29% 9,09%			85,71% 90,91%	85% 		
Ég hef kynnt mér skólanámskrá á heimasíðu leikskólans	<b>Já</b> <b>80,36%</b>	<b>Nei</b> <b>19,64%</b>			80,36%	95% 		Ný spurning
Ég les vikulega pósta frá deildastjórum	<b>Alltaf</b> 80,61% 80%	<b>Oftast</b> 17,35% 20%	<b>Sjaldan</b> 0%	<b>Aldrei</b> 0%	100%	97% 		

Niðurstöður sýna að við þurfum að finna leið hvernig við getum vakið áhuga fólks á því að fara inn á heimasíðu leikskólans til að skoða efni og upplýsingar sem hún geymir. Karellen hefur ekki verið að virka sem skyldi eftir uppfærslu á kerfinu sem mistókst. Vonandi kemst það í lagi sem fyrst.

### *Foreldraráð*

Foreldraráð veitir umsögn um skóladagatal og breytingar á námskrá eða skipulagi skólans. Fundað var einu sinni skólaárið 2020-2021 í tengslum við skóladagatal næsta skólaárs.

### *Foreldrafélag*

Fundað er með stjórn foreldrafélagsins að minnsta kosti einu sinni á ári. Næst verður fundað með stjórn foreldrafélagsins og foreldraráði í september/október 2021. Farið yfir skipulag varðandi sveitiferð, leiksýningar o.fl..

### *Foreldrafundir*

Alla jafnan eru foreldrafundir tvisvar á ári, að vori með foreldrum nýrra nemenda og að hausti með öllum foreldrum. Vegna Covid 19 var árlegur haustfundur ekki haldinn. Þess í stað var sent út veglegt fréttabréf þar sem helstu upplýsingum um skólastarfið var komið til skila.

Vinna þarf að skilvirkari leiðum til að koma upplýsingum til skila, vera meðvituð um hvernig við tökum á móti nemendum og hvernig við kveðjum þau. Einnig að auka vitund starfsmanna um mikilvægi þess að halda trúnað við foreldra og alla sem að skólanum koma.

Kjósa þarf í foreldraráð á haustfundi 2021.

Funda að hausti með foreldrafélagi og leggja línur vetrarins.

## Umbótaáætlun

<b>Matsþáttur</b>	<b>Markmið með umbótum</b>	<b>Aðgerðir til umbóta</b>	<b>Tímaáætlun</b>	<b>Ábyrgðaraðili/ar</b>	<b>Endurmat; hvenær, hvernig</b>	<b>Viðmið um árangur</b>
<b>Ég hef kynnt mér skólanámskrá Krílakots</b>	Að foreldrar kynni sér skólanámsrá betur	Kynna heimasíðu á foreldrafundi Senda tengil inn á heimasíðuna	Haust 2021	Skólastjórnendur	Foreldra-könnun 2022	Að 95% foreldra hafi kynnt sér skólanámskránnar
<b>Ég fer reglulega inn á heimasíðu Krílakots</b>	Að foreldrar kíkji reglulega inn á heimasíðu Krílakots	Kynna heimasíðu á foreldrafundi Senda tengil inn á heimasíðuna	Haust 2021	Skólastjórnendur	Foreldra-könnun 2022	Að 95% foreldra skoði heimasíðuna reglulega
<b>Mér finnst upplýsingaflæði frá leikskólanum gott</b>	Að foreldrar fái þær upplýsingar sem þeir þarfnast	Nýtt upplýsingakerfi	Haust 2021	Skólastjórnendur	Foreldra-könnun 2022	Að 90% foreldra finnist upplýsingaflæði gott
<b>Skoðar þú mánaðarskrá á deild barnsins þíns</b>	Að foreldrar viti um og skoði mánaðarskrár sem sendar eru heim mánaðarlega	Kynna á haustfundir	Haust 2021	Skólastjórnendur Deildastjórar	Foreldra-könnun 2022	Að 95% foreldra lesi mánaðarskrá

### **Sérkennsla skólaárið 2020-2021**

Á Krílakoti hefur verið starfandi sérkennslustjóri frá ágúst 2018. Í sérkennslu er einn starfsmaður fyrir utan sérkennslustjóra í 50% stöðu sem sér um stuðning inn á Kátakoti við nemanda í 5 klst. á dag. Tveir Pólskir kennarar hafa séð um móðurmáls kennslu fyrir pólsk börn 1 sinni í viku í allan vetur. Sérkennslustjóri sem er jafnframt þroskaþjálfari sér um alla aðra sérkennslu..

### *Skimanir og greiningar*

Kennarar og starfsmenn leita til sérkennslustjóra ef grunur um frávík vaknar og þá fer af stað frumgreining sem er síðan send áfram til viðeigandi fagaðila.

Notaðir eru ýmis listar til að frumgreina og sem dæmi má nefna: EFI-2 málþroskaskimun, Íslenski þroskalistinn, TRAS, Orðaskil, ASEBA, Íslenska máhljóðamælinn og ýmsir aðrir greiningarlistar eru lagðir fyrir og niðurstöður þeirra sendir á viðeigandi sérfræðinga sem vinna úr þeim fyrir okkur. Skólaskrifstofa Dalvíkurbyggðar bjó til lista fyrir okkur til þess að fylla inn í áður en við sendum nemendur til talmeinafræðings og þar getum við séð ef nemandi þarf á þeirri þjónustu að halda. Nemendur af erlendum uppruna eru 19 frá 5 þjóðum.

### *EFI 2*

EFI er málþroskapróf ætlað nemendum á aldrinum 3,1 – 3,7 ára. Allir nemendur á aldrinum 3,5 ára fara í EFI próf hjá kennurum skólans. Niðurstöður þessa skólaárs eru að flestir nemendur komi vel út hvað varðar skilning og tjáningu en það eru þeir þættir sem prófið mælir. Niðurstöður fylgja nemendum milli skólastiga með öðrum gögnum um gengi og þroska.

### *TRAS*

TRAS (n: Tidlig registrering af språkuudvikling) er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára nemenda. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. TRAS skráningarlistinn er ekki málþroskapróf heldur athugun í skráningarformi á málhegðun og málþróun hjá nemendum á ákveðnum aldri. Skráningin hefst þegar nemandi er rúmlega tveggja ára og lýkur við fimm ára aldur. Tvisvar á ári, með sex mánaða millibili, skráir leikskólakennari á



skráningarblöðin svör við ákveðnum spurningum um málþroska nemandans. Hver nemandi á sitt skráningarblað sem fylgir því upp í gegnum leikskólann. Markmið með TRAS er að reyna að fyrirbyggja að önnur vandamál komi upp sem tengjast því að nemendi hafi ekki fengið aðstoð vegna málþroskafrávika.

### *Hljóm 2*

Hljóm 2 er málþroskapróf sem lagt er fyrir alla nemendur við aldurinn 4,9 - 6 ára til að kanna hljóðkerfisvitund. Athugunin byggir á hugmyndum um tengsl málþroska við síðari lestrarfærni og þátt þjálfunar hljóðkerfisvitundar í fyrirbyggjandi starfi. Markmið þessarar athugunar er að vera með snemmtæka íhlutun hjá þeim nemendum sem eru stutt á veg komin hvað þessa þætti varðar. Athugunin er framkvæmd í afmælistímanum nemenda. Þeir nemendur sem ekki koma vel út í Hljóm 2 eru könnuð aftur í janúar til að athuga með framfarir og hvort grípa þurfi til sérstakra aðgerða.

### *Stafakönnun*

Lögð er fyrir stafakönnun í elsta árgangi Krílakots alls 3x yfir skólaárið. Þar er könnuð þekking á há og lágstöfum og einnig hljóðin sem stafirnir standa fyrir. Könnunin kom afar vel út. Meirihluti nemenda var komin yfir meðaltal í stafabekkingu í lok haustannar.

### *Önnur verkefni-sérkennslustjóri*

Ráðgjöf til starfsmanna er mjög mikil og eru 3 tímar í viku fastir fyrir ráðgjöf en oftast er það meira en það.

Ráðgjöf til foreldra hefur verið töluverð í vetur.

Sér um að leggja fyrir HLJÓM 2 fyrir 5 ára nemendur

Sér um að stafakanna öll elstu nemendur 3 sinnum frá hausti og fram á vor.

Sérkennslustjóri situr í öllum teymum sem búið er að mynda utan um þá nemendur sem þurfa sérstaka þjálfun eða örvun á leikskólanum, fer því að þeim sökum á mörg foreldra samtöl. Mynduð hafa verið teymi utan um nemendur sem þurfa á því að halda.

- Sér um að gera einstaklingsáætlun fyrir þá nemendur sem þurfa
- Sérkennslustjóri situr í nemendaverndarráði og stjórnendateymi leikskólans
- Gerir skýrslur og greinargerðir fyrir sérkennsluna
- Hittir aðra fagaðila í sveitarfélaginu
- situr skilafundi í grunnskólanum vegna þeirra nemenda sem þurfa sérkennslu
- Fer á námskeið

*Umbótaáætlun*

<b>Matsþáttur</b>	<b>Markmið með umbótum</b>	<b>Aðgerðir til umbóta</b>	<b>Tímaáætlun</b>	<b>Ábyrgðaraðili/ar</b>	<b>Endurmat; hvenær, hvernig</b>	<b>Viðmið um árangur</b>
<b>Setja upp hvaða matstæki eru lögð fyrir nemendur og hvenær</b>	Betri yfirsýn	Lista upp próf, aldursviðmið og raða börnum niður	Haust 2021	Skólastjórnendur	Vor 2022	Að allir hafi farið í viðeigandi skimunarpróf á tilskyldum tíma

## **Samstarf við aðra skóla og stofnanir**

### *Dalvíkurskóli*

Skipulagt samstarf er á milli Krílakots og Dalvíkurskóla varðandi elstu nemendur Krílakots. Skipulagðar heimsóknir eru á milli skólanna ásamt öðrum uppákomum. Aðilar frá hvorum skóla hittast að vori þar sem samstarfsáætlunin er yfirfarin og samstarf næsta vetrar skipulagt.

### *Bókasafn*

Elstu þrír árgangarnir fóru vikulega á safnið og stóð samstarfið yfir allt skólaárið. Samstarfið gekk vel og voru heimsóknir á bókasafn einu sinni í viku þar sem starfsfólk bókasafns eða kennarar lásu fyrir þau og kenndu þeim að umgangast bækur og safnið í heild sinni.

### *Tónlistarskólinn*

Undanfarin ár hefur tónlistarkennari komið einu sinni í viku og verið með kennslu fyrir elstu nemendur Krílakots. Þetta féll niður í vetur vegna starfsmannamála í tónlistarkólanum og Covid 19.

### *Fræðsluskrifstofa*

Gott samstarf var milli stjórnenda skólans og fræðslusviðs s.s. áætlanagerðir, fjárhagsáætlanir, þróunarverkefni, vettvangsathuganir og fleira. Fræðsluskrifstofa hefur einnig umsjón með skoðanakönnunum til foreldra og starfsmanna í samstarfi við skólann.

Fræðslufulltrúi, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri funduðu vikulega veturinn 2020-2021 þegar það var leyfilegt vegna sóttvarna. Á fundunum var farið yfir stöðu ýmissa mála

### *Heilsugæsla*

Starfsmaður heilsugæslu situr nemendaverndarráðsfundi með kennurum og starfsfólki félagsþjónustu og fræðslusviðs um 5 sinnum á ári og oftast eftir þörfum. 2 ½ árs skoðanir og 4 ára skoðanir hjúkrunarfræðings fara ekki lengur fram í leikskólunum þar sem það þykir brjóta gegn nýjum persónuverndarlögum.

*Félagspjónusta*

Þroskaþjálfari frá félagssviði kemur og fylgist með nemendum eftir þörfum og veitir starfsfólki ráðgjöf. Hann situr í nemendaverndarráði skólans.

Umbótaáætlun

<b>Matsþáttur</b>	<b>Markmið með umbótum</b>	<b>Aðgeðir til umbóta</b>	<b>Tímaáætlun</b>	<b>Ábyrgðaraðili/ar</b>	<b>Endurmat; hvenær, hvernig</b>	<b>Viðmið um árangur</b>
<b>Samstarf við Tónlistarskólann</b>	Skilvirkari samskipti	Deildarstjóri Hólakots og tónlistarkennari fundi og fari yfir kennsluskipulag	Haust 2021	Skólastjóri og deildastjóri	Vor 2022	Markmið sem sett voru að hausti hafi náðst

## Leikskólinn Kríflakot Gleði – Sköpun – Þor

Í mars og apríl 2021 heimsótti ráðgjafi frá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri allar deildir leikskólans Kríflakots. Markmiðið var að skoða samskipti innan leikskólans ásamt því að fylgjast með daglegu starfi í skólanum. Niðurstöður heimsóknanna gáfu til kynna að í Kríflakoti færi fram metnaðarfull vinna með nemendum, þar sem áhersla er m.a. lögð á málrækt, útiveru og grenndarkennslu. Góð samskipti einkenndu starfið bæði á milli starfsfólks en einnig á milli starfsfólks og nemenda. Nemendur voru glaðlegir, atorkusamir og dugleg að leika sér. Ráðgjafi tók sérstaklega eftir því hversu sjálfstæðir nemendur voru enda fengu þau góðan tíma til að spreyta sig sjálf í fjölbreyttum aðstæðum eins og t.d. í fataherbergi og við matarborð.

Deildirnar voru vel mannaðar en þær sjá sjálfar um að leysa af veikindi og undirbúning. Þar af leiðandi eru fleiri starfsmenn almennt til taks og ráðgjafi upplifði meiri rólegheit og minna álag og streitu en gengur og gerist í stórum leikskólum. Góð mönnun á deildum eykur vellíðan starfsfólks og barna og gefur starfsfólki tækifæri til að sinna nemendum betur, gefa hverjum einstaklingi meiri tíma og efla þroska nemendahópsins á fjölbreyttan hátt.

Allar deildir fengu skýrslu frá ráðgjafa þar sem farið var yfir heimsóknina. Á grundvelli skýrslunnar var unnin umbótaáætlun.

### Kríflakot – umbótaáætlun 2021

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðilar	Endurmat, hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
<b>Reglur við matarborð</b>	Að sömu reglur gildi hjá öllu starfsfólki á öllum deildum	Deildarstjórar samræma reglur og kynna fyrir sínu fólki		Hver (tilgreina ákveðinn einstakling/einstaklinga) á að taka ábyrgð á að verkefnið verði unnið?	Vor 2022	Sömu reglur gilda alls staðar í leikskólanum í matartímanum  Starfsfólk og nemendur þekkja reglurnar og fara eftir þeim

## Hólakot – umbótaáætlun 2021

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðilar	Endurmat, hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
<b>Málörvun í fataherbergi</b>	1. Efla samræður 2. Kenna hugtök (hér getið þið sett ykkur markmið um hvaða hugtök þið viljið vinna sérstaklega með, t.d. liti, staðsetningar-hugtök)	Kenna ákveðinn orðaforða markvisst í fataherberginu		Hver (tilgreina ákveðinn einstakling) á að taka ábyrgð á að verkefnið verði unnið?	Vor 2022	Markviss málörvun í gangi alla daga í fataherbergi  Nemendur nota hugtökin sem markvisst hefur verið unnið með sjálf
<b>Myndrænt skipulag</b>	1. Að nemendur hafi yfirsýn yfir daginn og viti hvað kemur næst 2. Að efla öryggiskennd nemenda í leikskólanum 3. Að kenna nemendum að fara eftir skipulagi	Setja upp dagskipulag fyrir deildina daglega  Kenna nemendum að nýta dagskipulagið		Hver (tilgreina ákveðinn einstakling) á að taka ábyrgð á að verkefnið verði unnið?	Vor 2022	Myndrænt skipulag sýnilegt á aðgengilegum stað í hæð nemenda.  Starfsfólk fer yfir myndrænt skipulag með nemendum alla daga.
<b>Hávaði í aðalrými</b>	Minnka truflun og óþægindi sem fylgja hávaða	Vera með fræðslu fyrir nemendur um hávaða og skaðsemi hans  Kenna nemendum að fylgjast með því þegar hávaðinn verður of mikil, t.d. með því að vera með eyru í þremur litum upp á vegg		Hver (tilgreina ákveðinn einstakling) á að taka ábyrgð á að verkefnið verði unnið?	Vor 2022	Nemendur finna og þekkja þegar hávaði verður of mikill  Starfsfólk og nemendur finnur ekki fyrir óþægindum af völdum hávaða á leikskólatíma

Leikskólinn Kríflakot Gleði – Sköpun – Þor

		Fylgjast með og vera vakandi fyrir hávaða í aðalrýminu í leikstundum				
--	--	--	--	--	--	--

Kátakot – umbótaáætlun 2021

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðilar	Endurmat, hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
<b>Málörvun í fataherbergi</b>	3. Efla samræður 4. Kenna hugtök (hér getið þið sett ykkur markmið um hvaða hugtök þið viljið vinna sérstaklega með, t.d. liti, staðsetningar-hugtök)	Kenna ákveðinn orðaforða markvisst í fataherberginu		Hver (tilgreina ákveðinn einstakling) á að taka ábyrgð á að verkefnið verði unnið?	Vor 2022	Markviss málörvun í gangi alla daga í fataherbergi  Nemendur nota hugtökin sem markvisst hefur verið unnið með sjálf

Mánakot – umbótaáætlun 2021

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðilar	Endurmat, hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
<b>Málörvun í fataherbergi</b>	5. Efla samræður 6. Kenna hugtök (hér getið þið sett ykkur markmið um hvaða hugtök þið viljið vinna sérstaklega með, t.d. liti, staðsetningar-hugtök)	Kenna ákveðinn orðaforða markvisst í fataherberginu		Hver (tilgreina ákveðinn einstakling) á að taka ábyrgð á að verkefnið verði unnið?	Vor 2022	Markviss málörvun í gangi alla daga í fataherbergi  Nemendur nota hugtökin sem markvisst hefur verið unnið með sjálf

Leikskólinn Kríflakot Gleði – Sköpun – Þor

<b>Myndrænt skipulag</b>	4. Að nemendur hafi yfirsýn yfir daginn og viti hvað kemur næst 5. Að efla öryggiskennd nemenda í leikskólanum	Setja upp dagskipulag fyrir deildina daglega  Kenna nemendum að nýta dagskipulagið		Hver (tilgreina ákveðinn einstakling) á að taka ábyrgð á að verkefnið verði unnið?	Vor 2022	Myndrænt skipulag sýnilegt á aðgengilegum stað í hæð nemenda  Starfsfólk fer yfir myndrænt skipulag með Nemendum alla daga.
--------------------------	---	--	--	--	----------	---

Sólkot – umbótaáætlun 2021

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðilar	Endurmat, hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
<b>Málörvun í fataherbergi</b>	7. Efla samræður 8. Kenna hugtök (hér getið þið sett ykkur markmið um hvaða hugtök þið viljið vinna sérstaklega með, t.d. líti, staðsetningar-hugtök)	Kenna ákveðinn orðaforða markvisst í fataherberginu		Hver (tilgreina ákveðinn einstakling) á að taka ábyrgð á að verkefnið verði unnið?	Vor 2022	Markviss málörvun í gangi alla daga í fataherbergi  Nemendur nota hugtökin sem markvisst hefur verið unnið með sjálf
<b>Stólar</b>	Að nemendur sitji rétt og hafi stuðning fyrir fætur	Yfirfara stóla og stilla þá annað hvort eftir einstaklingum eða vera með nokkrar stillingar sem hægt er nota fyrir alla		Hver (tilgreina ákveðinn einstakling) á að taka ábyrgð á að verkefnið verði unnið?	Vor 2022	Stólar eru stilltir þannig að nemendur sitja rétt í þeim
<b>Myndrænt skipulag</b>	6. Að nemendur hafi yfirsýn yfir daginn og viti hvað kemur næst	Setja upp dagskipulag fyrir deildina daglega		Hver (tilgreina ákveðinn einstakling) á	Vor 2022	Myndrænt skipulag sýnilegt á aðgengilegum stað í hæð nemenda.



Leikskólinn Krílakot Gleði – Sköpun – Þor

	7. Að efla öryggiskennd nemenda í leikskólanum 8. Að minnka óróa og hlaup	Kenna nemendum að nýta dagskipulagið		að taka ábyrgð á að verkefnið verði unnið?		Starfsfólk fer yfir myndrænt skipulag með nemendum alla daga.
<b>Leikur í aðalrými</b>	Að minnka óróa í leik barnanna	Setja upp skilrúm sem afmarka leiksvæðin		Hver (tilgreina ákveðinn einstakling) á að taka ábyrgð á að verkefnið verði unnið?	Vor 2022	Nemendur una sér í leik og láta ekki aðra nemendur á deildinni trufla sig
<b>Skiptingar á milli athafna</b>	Að minnka óróa þegar nemendur skipta úr einu verkefni í annað	Dagskipulagið – vera meira í litlum hópum  Hver stafsmáður fylgir þeim hóp nemenda sem hann er með á næsta svæði Bjóða til borðs, í hópastarf og í aðrar athafnir í litlum hópum, fá börn fara af stað í einu og þeim er fylgt eftir af starfsfólki		Hver (tilgreina ákveðinn einstakling) á að taka ábyrgð á að verkefnið verði unnið?	Vor 2022	Nemendur fara á milli svæða eftir dagskipulagi/fyrirmælum án þess að starfsfólk þurfi að hafa afskipti af þeim
<b>Raðir</b>	Að nemendur fari á milli staða í röð og haldi röðinni á áfangastað	Gera átak í að fara kenna nemendum reglur í röð (ganga í beinni röð, vera með stél o.s.frv.)		Hver (tilgreina ákveðinn einstakling) á að taka ábyrgð á að verkefnið verði unnið?	Vor 2022	Nemendur ganga í röð án þess að starfsfólk þurfi að leiðbeina þeim

Leikskólinn Krílakot Gleði – Sköpun – Þor

		<p>Fylgja nemendum vel eftir stoppa og laga röðina ef þarf</p> <p>Láta röðina halda sér alla leið á áfangastað</p> <p>Gerum þetta skemmtilegt, syngjum og leikum okkur</p>				
--	--	--	--	--	--	--

Skýjaborg – umbótaáætlun 2021

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðilar	Endurmat, hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
<b>Málörvun í fataherbergi</b>	9. Efla samræður 10. Kenna hugtök (hér getið þið sett ykkur markmið um hvaða hugtök þið viljið vinna sérstaklega með, t.d. liti, staðsetningarhugtök)	Kenna ákveðin orð markvisst í fataherberginu		Hver (tilgreina ákveðinn einstakling) á að taka ábyrgð á að verkefnið verði unnið?	Vor 2022	Markviss málörvun í gangi alla daga í fataherbergi  Nemendur noti hugtökin sem markvisst hefur verið unnið með sjálf
<b>Stólar</b>	Að nemendur sitji rétt og hafi stuðning fyrir fætur	Yfirfara stóla og stilla þá annað hvort eftir einstaklingum eða vera með nokkrar stillingar		Hver (tilgreina ákveðinn einstakling) á að taka ábyrgð á að verkefnið verði unnið?	Vor 2022	Stólar eru stilltir þannig að nemendur sitja rétt í þeim

Leikskólinn Krílakot Gleði – Sköpun – Þor

		sem hægt er nota fyrir alla				
<b>Leikföng</b>	Að fyrirbyggja slys (að vera skrefi á undan)	Fara í gegnum leikfangakassa og henda brotnum leikföngum		Hver (tilgreina ákveðinn einstakling) á að taka ábyrgð á að verkefnið verði unnið?	Vor 2022	Öll leikföng sem nemendur hafa aðgang að eru heil
<b>Forstofa</b>	Að gera starfsfólki kleift að hafa betri yfirsýn yfir svæðið  Að fyrirbyggja slys (að vera skrefi á undan)	Stjórnendur og deildarstjóri skoða hvað hægt er að gera til að auka yfirsýn starfsfólks í rýminu		Hver (tilgreina ákveðinn einstakling) á að taka ábyrgð á að verkefnið verði unnið?	Vor 2022	Starfsfólk hefur yfirsýn yfir allt fataherbergið
<b>Myndrænt skipulag</b>	9. Að nemendur hafi yfirsýn yfir daginn og viti hvað kemur næst 10. Að efla öryggiskennd nemenda í leikskólanum	Setja upp dagskipulag fyrir deildina daglega  Kenna nemendum að nýta dagskipulagið		Hver (tilgreina ákveðinn einstakling) á að taka ábyrgð á að verkefnið verði unnið?	Vor 2022	Myndrænt skipulag sýnilegt á aðgengilegum stað í hæð nemenda.  Starfsfólk fer yfir myndrænt skipulag með börnunum alla daga.

## Öryggismál

### *Lóðarskoðun*

Árlega skal taka út leikvelli á vegum sveitarfélagsins af Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Séu framkvæmdir á leikvöllum eða breytingar skal leita frekari úttektar.

Starfsfólk leikskólans fer yfir lóðina á hverjum morgni áður en nemendur fara í útiveru. Skráð er niður hvort eitthvað finnst á lóðinni eða einhverjar skemmdir hafa orðið yfir lokunartímann.

Árleg lóðarskoðun 2021 hefur ekki farið fram þegar þessi skýrsla var unnin.

### *Eldvarnaráætlun og æfingar*

Brunaæfingar skulu vera á hverri önn. Yfirfara skal brunakerfið árlega. Allir starfsmenn skulu vera meðvitaðir um rýmingaráætlun og þekkja hlutverk sitt í því ferli. Slökkviliðsstjóri tekur út brunavarnir skólans á hverju starfsári.

Rýmingaráætlun er tilbúin.

### *Vinnuaðstaða kennara og barna*

Meta skal reglulega vinnuaðstöðu kennara og nemenda og lagfæra og bæta eftir þörfum. Vinnuaðstaða kennara er nokkuð góð en mikilvægt er að endurnýja búnað reglulega.

Skoða þarf möguleika á að útbúa „mjúkt“ horn og bæta aðgengi nemenda að efniviði tengdum náttúru og stærðfræði, endurnýja stóla fyrir nemendur á deildum þar sem farið er að flísast upp úr setum margra þeirra.

## Umbótaáætlun

<b>Matspáttur</b>	<b>Markmið með umbótum</b>	<b>Aðgeðir til umbóta</b>	<b>Tímaáætlun</b>	<b>Ábyrgaðaraðili/ar</b>	<b>Endurmat; hvenær, hvernig</b>	<b>Viðmið um árangur</b>
<b>Ávallt skal gæta þess að allir öryggisþættir séu í lagi</b>	Búa nemendum og starfsmönnum öruggt starfsumhverfi	Kynna brunaáætlun Kynna skyndihjálparnámskeið á netinu fyrir nýjum starfsmönnum Gera við eða fjarlægja hluti sem geta valdið skaða	Alltaf	Allir starfsmenn	Mánaðarlega	Að allir upplifi sig örugga

### **Lokaorð**

Það er mat skólustjóra að skólaárið 2020-2021 hafi í heildina gengið vel og margt áunnist í að bæta skólastarfið. Áherslur starfsins næsta árið verða að innleiða stefnur okkar og verkefni enn betur. Haustið 2021 er markmiðið að góð skrifleg gögn um starfsemi hvers mánaðar fyrir sig verði aðgengilegar öllum, þar sem áherslur helstu námsþátta verða dregnar fram. Þessi gögn verða síðan endurmetin í lok hvers mánaðar og gerð áætlun um hvernig gengur og hvernig við ætlum að halda áfram. Það er gaman að segja frá því að öll börn sem fædd eru árið 2020 hafa fengið boð um leikskólapláss í haust.

Ljóst er að verkefni fram undan eru mörg, krefjandi, fjölbreytt og skemmtileg. Markmið komandi skólaárs verður að byggja ofan á þann grunn að farsælu skólastarfi sem lagður var á líðandi skólaári þar sem allir sem að komu, starfsmenn, foreldrar, nemendur og fræðslufirvöld vinna saman að því að byggja upp metnaðarfullt skólastarf sem einkennist af gleði, sköpun og þori.

Guðrún H. Jóhannsdóttir

Leikskólustjóri